SKÝRINGAR

UNDIRSTÖÐUR

UNDIRSTÖÐUR HVÍLI Á BÖGGLABERGI. HREINSA SKAL VANDLEGA MOLD OG, ANNAN LÍFRÆNAN JARÐVEG UNDAN UNDIRSTÖÐUM. UNDIRSTÖÐUR SKULU NÁ NIÐUR Á FROSTFRÍTT DÝPI EÐA A.M.K. 1,2m NIÐUR FYRIR ENDANLEGT JARÐVEGSYFIRBORÐ VIÐ ÚTVEGGI, NEMA TRYGGT SÉ AÐ GRUNNUR SÉ Á FROSTÞOLNU FYLLINGAREFNI. EF UM KLÖPP ER AÐ RÆÐA SKULU UNDIRSTÖÐUR ALDREI GANGA SKEMUR EN 30 cm NIÐUR FYRIR EFRI BRÚN BOTNPLÖTU.
UNDIRSTÖÐUR ERU REIKNAÐAR SKV GILDANDI BYGGINGARREGLUGERÐ OG ER MESTA LEYFILEGA ÁLAG Á GRUNN 0,6 MN/m² (SAMSVARAR _____ KG/cm2). STANDI UNDIRSTÖÐUR Á HRAUNFYLLINGU SKAL VÉLÞJAPPA FYLLINGUNA Í MEST 60 cm LÖGUM OG VIÐ ÞJÖPPUNPROFUN SKAL $\sigma \geq 120$ MN/m².
JÁRNBENDING Í UNDIRSTÖÐUR SKAL VERA 2 K 10 Í EFRI OG NEÐRI BRÚN UNDIRSTAÐA. TENGIJÁRN Í UNDIRSTÖÐUR SÉU SKV SNIÐUM. BOTNPLATA HVÍLI Á VÉLÞJAPPAÐRI HRAUN- EÐA MALARFYLLINGU. PLATAN SÉ 12cm ÞYKK OG ÓJÁRNBENT. NEMA EF HÚN ER VELSLÍPUÐ ÞÁ SKAL HÚN VERA 15 cm ÞYKK OG MEÐ K 10 % 300 Í MIÐJU EÐA FÍBERTREFJUM.

BEYGING JÁRNA OG SKEYTING SÉ SKV. ÍST 10. UPP MEÐ HURÐA, OG GLUGGAGÖTUM KOMI 2 K 12 SEM STUNGIÐ ER NIÐUR Í SÖKKULINN OG SKULU ÞAU NÁ A.M.K. 50 cm UPP Í VEGG YFIR PLÖTU L=110 cm. ÞESSI JÁRN KOMA Á MÓTI JÁRNUM UPP MEÐ DYRUM OG VEGGENDUM.
ÞAR SEM RÖR FARA UNDIR SÖKKULVEGG SKAL GRAFIÐ NIÐUR FYRIR BOTNKÓTA LAGNA OG VEGGURINN STYRKTUR EINS OG SÝNT ER HÉR AÐ NEÐAN.
ÖLL SAMSKEYTI Á JÁRNUM Í NEÐRI BRÚN SÖKKULS SKULU TENGD TRYGGILEGA SAMAN MEÐ SKRÚFUÐUM U-LYKKJUM ÞANNIG AÐ ÞAU MYNDI EINA HEILD ALLAN HRINGINN OG SÍÐAN SKAL TEINN TENGDUR VIÐ BÆÐI JÁRNIN OG LÁTINN STANDA UPP ÚR SÖKKLINUM VIÐ RAFMAGNSTOFLU.



STEYPA

STEYPA Í ÚTVEGGJUM OG SÚLUM SKAL VERA S-250 ÖNNUR STEYPA SÉ S-200
ÖLL STEYPUVINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST 10 UM NIÐURLÖGN STEYPU VIÐ ALLA FRAMKVÆMD VERKSINS SKAL FRAMKVÆMDAFLOKKUR B GILDA. STEYPUHULA Á JÁRNUM SKAL VERA (NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM Á SNIÐUM):
Í SÖKKLUM: 50 mm.
Í VEGGJUM, PLÖTUM OG BITUM, INNI: 15mm OG ÚTI 30 mm.
STEYPUHULAN SKAL ÞÓ Í ÖLLUM TILFELLUM VERA A.M.K JÖFN ÞVERMÁLI BENDISTANGA. NOTA SKAL LOFTBLENDI Í ALLA STEYPU ÞANNIG AÐ LOFTINNIHALD STEYPUNNAR VERÐI 5-7 %. SIGMÁL ALLRAR STEYPU SÉ 50-100 mm. ÞAR SEM ÖLL ÚTVEGGJA-STEYPA ER „SJÓN-STEYPA" ER MÆLT MEÐ ÍBLÖNDUN SÉRVIRKRA ÞJÁLNIEFNA SKOMMU ÁÐUR EN STEYPAN ER LÖGÐ

JÁRNBENDING



ÁKVÆÐI ÍSLENSKS STAÐALS ÍST 10 GILDA UM BENDISTÁL OG VINNU VIÐ ÞAÐ. NOTA SKAL EFTIRFARANDI STÁLTEGUNDIR KAMBSTÁL KS 40, TÁKNAÐ MEÐ K Á TEIKNINGUM OG SLÉTTSTÁL ST 37, TÁKNAÐ MEÐ R Á TEIKNINGUM. Í PLÖTUM SKULU SKEYTINGAR Í SAMA ÞVERSNIÐI MEST VERA FJÓRÐA HVER STONG.
KOMI EKKI ANNAÐ FRAM Á TEIKNINGUM SKAL Í ALLA ÚTVEGGI KOMA BENDINET K 131 FRÁ TIMBUR OG STÁL EÐA SAMSVARANDI NET ÚR KAMBSTÁLI, K 8 c 25 Í BÁÐAR ÁTTIR.
STAÐSETNING BENDINETS Í ÚTVEGG ER SÝND HÉR TIL HLIÐAR

BENDINET



MÚROP

UPP MEÐ OG UNDIR KOMI 2 K 12 ER NÁI A.M.K. 60cm ÚT FYRIR OP HVORU MEGIN. YFIR KOMI 3 K 12 ER NÁI A.M.K 60 cm ÚT FYRIR OP SBR SKÝRINGARMYND

Í HORN MERKT (H1) (H2) SKAL SETJA RIFJUÐORN EINS OG HÉR ER SÝND. TALAN Á EFTIR H-INU (Í HRINGNUM) SEGIR TIL UM HVE MÖRG JÁRN SKAL SETJA SITT HVORU MEGIN MIÐJUJÁRNSINS.



TÁKNAR STÁL Í NEÐRA BORÐI PLÖTU.
TÁKNAR STÁL Í EFRA BORÐI PLÖTU.
ER MÁL MIÐJU Á MIÐJU STÁLA
TÁKNAR AÐ JÁRNBENDING PLÖTU LEGGIST FYRST Í SÖMU ÁTT OG PÍLAN.
TÁKNAR VINKILBEYGT STÁL ER BEYGIST ÚR PLÖTU NIÐUR Í VEGG
TÁKNAR AÐ 10mm KAMBSTÁL LEGGIST MEÐ 20cm MILLIBILI YFIR ÞAÐ BIL SEM PÍLAN SÝNIR.
TÁKNAR PLÖTUÞYKKT Í cm.
ÞVERMÁL JÁRNA ERU mm. ÖNNUR MÁL ERU cm.



KAMBSTÁL KS 40



GJARÐIR STÁL ST 37

JÁRNAÞVERMÁL, d	mm	8	10	12	16	20	25	32
MINNSTA SKEYTILENGD	mm	350	400	500	650	800	1000	1280
ÞVERMÁL BEYGJUSKÍFU, D	mm	160	200	240	320	400	500	640
FJARLÆGÐ MILLI SKEYTIÞVERSNIÐA SÉ MINNST 40 d								

STÁL KS 40



EINANGRUN STÁLBITA



FRÁGANGUR JÁRNA NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGUM.

STÁL OG STÁLVIRKI

STÁL SKAL FULLNÆGJA KRÖFUM ÍST 16
STÁL SEM NOTA Á Í BURÐARVIRKI SKAL VERJA GEGN RYÐI MEÐ GALVANHÚÐ, BLÝMENJU EÐA Á ANNAN VIÐURKENNDAN HÁTT. MÁLMFESTINGAR, SEM GEGNA MIKILVÆGU BURÐARHLUTVERKI SKULU VARÐAR Á SAMA HÁTT. ALLUR SAUMUR SKAL VERA GALVANHÚÐAÐUR. STÁLBITA SKAL BRÚNVERJA MEÐ ÞVÍ AÐ EINANGRA ÞÁ MEÐ STEINULL SBR. SKÝRINGARMYND, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGUM

ÞAK OG ANNAÐ TRÉVIRKI

ALLT TIMBUR SEM NOTA Á Í BURÐARVIRKI SKAL A.M.K STANDAST ÞÁR KRÖFUR SEM GERÐAR ERU Í "I. FLOKK" SKV. ÍST 15 UM STYRKLEIKAFLOKKUN TIMBURS. ÓVARIÐ TIMBUR SKAL VERJA MEÐ VIÐURKENNDU FÚAVARNAREFNI. ÞAKIÐ SKAL KLÆÐA MEÐ 25mm x 150mm BORÐUM OG SKAL NEGLA HVERT BORÐ Í HVERJA SPERRU MEÐ 3 STK. 3"/75 (3") NÖGLUM.
AÐ ÖLLU JÖFNU SKAL NEGLA ÞAKKLÆÐNINGU (BÆÐI BÁRUJÁRN OG VALSAÐ STÁL) Í 50 % ÞÉTTARA VIÐ ÞAKBRÚNIR EN Á ÖÐRUM HLUTUM ÞAKANNA OG 100% ÞÉTTAR Á HORNUM. AUKANEGLING VIÐ ÞAKBRÚN SKAL NÁ INN Á ÞAKIÐ UÞB 10% AF BREIDD HÚSINS

BÁRUJÁRN SKAL NEGLA Í AÐRA HVORA HÁBÁRU NEMA VIÐ ÞAKBRÚNIR ÞAR SKAL NEGLA Í HVERJA HÁBÁRU. FJARLÆGÐ MILLI NAGLARAÐA SKAL MEST VERA 55 cm. Á HLIÐARVEFUM PLÖTNA SKAL EKKI VERA MEIRA EN 50 cm MILLI NAGLA. FJARLÆGÐ FRÁ ÞAKBRÚN AÐ FYRSTU NAGLARÖÐ SKAL ALDREI VERA MEIRI EN 20 cm. ÞEGAR VELST ER UM HVERFA HÁBÁRU SKAL NOTA TVÆR NAGLARAÐIR MEÐ 10-15 cm MILLIBILI SVO ÞÆR LENDI Í SITT HVORU BORÐI
ÞAKKLÆÐNINGAR. FYLGJAST SKAL VANDLEGA MEÐ AÐ NEGLING SÉ EKKI TÆPT Í BORÐI. KÓNISKAN ÞAKSAUM ÆTTI EKKI AÐ NOTA TIL NEGLINGAR Á BÁRUJÁRNI ÞAR SEM HANN HEFUR MJÖG LÍTINN BURÐARÞOLSTYRK. NOTA SKAL SNÚNA SAUM EÐA KAMBNAGLA VIÐ LAGNING BÁRUJÁRNS SKAL TEKIÐ TILLIT TIL [illegible]
FRÁGANGUR ÞÓ Á ABYRGÐ VIÐKOMANDI HÚSASMÍÐAMEISTARA. UM FRÁGANG ANNARRA KLÆÐNINGA EN BÁRUJÁRNS VÍSAST TIL UPPLÝSINGA FRÁ EIGANDA

HAFNARFJARÐARBÆR BYGGINGAFULLTRÚI
12. Jan. 1987

BREYTT JAN. '87

HÚS F. FISKMARKAÐ VIÐ FORNUB.			1.0
SKÝRINGAR			DES. '86.

VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA JÓHANNS [illegible]